

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Mýrdalshrepps.

1. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Af öllum fasteignum í Mýrdalshreppi sem tengdar eru við vatnsveitu í eigu sveitarfélagsins, ber að greiða vatnsgjald til sveitarstjóðs. Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,15% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna með síðari breytingum.

2. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalds.

3. gr.

Heimæðagjald.

Notendur greiða heimæðagjöld sem miðast við að ídráttarrör fyrir heimæðar hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar að inntaksstað við mannvirkið og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af vatnsveitunni.

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Heimæðagjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm eða minna	135.000 kr.	3.000 kr./m
40 mm	175.000 kr.	4.000 kr./m
50 mm	255.000 kr.	6.000 kr./m
63 mm	490.000 kr.	7.000 kr./m
90 mm	865.000 kr.	9.000 kr./m

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 50 m í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðagjald skal greitt þegar lokið hefur verið við tengingu vatnsveitunnar við viðkomandi mannvirki. Heimæðagjald breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu byggingarvísitölu. Ofangreint verð tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. janúar 2012 og var 112,3 stig.

4. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðagjalds. Vatnsgjald og heimæðagjald nýtur aðfararheimildar skv. 9. gr. laga nr. 32/2004. Vatnsgjald og heimæðagjald, ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði nýtur lögveðsréttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfaraveði.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Mýrdalshrepps 19. júní 2012, er byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Gjaldskráin tekur þegar gildi.

Vík í Mýrdal, 22. júní 2012.

Ásgeir Magnússon sveitarstjóri.